

FRAMHALDSSKÓLINN Í  
VESTMANNAEYJUM

# Sjálfsmatsskýrsla 2016

Vestmannaeyjum 2017

---

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR .....</b>	<b>4</b>
<b>2.</b>	<b>STEFNA FÍV.....</b>	<b>5</b>
2.1	HLUTVERK FÍV .....	5
2.2	LEIÐARLJÓS FÍV .....	5
2.3	MARKMIÐ OG ÁHERSLUR .....	5
<b>3.</b>	<b>STARFSEMI SKÓLANS .....</b>	<b>7</b>
<b>4.</b>	<b>UMFANG FÍV OG HELSTU HLUTFÖLL OG STÆRÐIR .....</b>	<b>8</b>
4.1	NEMENDUR.....	8
4.2	HLUTFALLSLEG SKIPTING NEMENDA EFTIR KYNI .....	8
4.3	FJÖLDI ÚTSKRIFTANEMA EFTIR BRAUTUM .....	8
4.4	HLUTFALL ÚTSKRIFTARNEMA EFTIR KYNI .....	8
4.5	BROTTHVARF.....	9
4.6	FJÖLDI NEMENDA Á EINSTAKA NÁMSBRAUTUM .....	10
4.7	STARFSFÓLK .....	10
4.8	HÚSNÆÐI.....	11
4.9	STARFSTÍMI .....	11
<b>5.</b>	<b>RAMMI UM SJÁLFSMAT FÍV .....</b>	<b>12</b>
5.1	STEFNUKORT FÍV .....	12
5.2	AÐGERÐAÁÆTLUN.....	12
5.3	SKORKORT 2016 .....	13
<b>6.</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS .....</b>	<b>14</b>
6.1	AÐ SKÓLINN SKILI VÍÐSÝNUM NEMENDUM MED TRAUSTA ÞEKKINGU OG ÞROSKA SEM NÝTIST Í STARFI, LEIK OG NÁMI. ....	14
6.1.1	Aukinn Menntun .....	14
6.1.2	Aukinn þroski nemenda .....	14
6.1.3	Aukin ánægja með skólann .....	16
6.2	AÐ NEMENDUR ÖÐLIST AUKID SJÁLFSTRAUST, BÚI SIG UNDIR AÐ TAKA ÁBYRGÐ Á EIGIN LÍFI UM LEID OG ÞEIR TILEINKA SÉR VIRÐINGU FYRIR SAMFERÐAFÓLKI OG UMHVERFI SÍNU. ....	16
6.2.1	Líðan nemenda .....	16
6.2.2	Virðing fyrir samferðarfólk .....	17
6.3	AÐ FJÖLBREYTNI NÁMS Í SKÓLANUM BIRTIST HÆFILEGRI BLÖNDU BÓKNÁMS, VERKNÁMS OG NÁMS FYRIR ÞÁ SEM ÞURFA SÉRÚRRÆÐI. ....	17
6.4	AÐ LAGA NÁM OG KENNSLU AÐ ÞEIRRI SÉRSTÖÐU SEM HEIMABYGGÐIN HEFUR OG TAKA MIÐ AF ATVINNULÍFI OG MENNINGU VESTMANNAEYJA. ....	18
6.5	AÐ GÆÐI KENNSLUNNAR ER VERÐI TRYGGÐ, MEÐ HÆFUM VEL MENNTUÐUM KENNURUM OG VIRKU NÁMSUMHVERFI Í STÖÐUGRI ÞRÓUN OG ENDURSKOÐUN. ....	18
6.6	AÐ GÆÐI KENNSLUNNAR ER VERÐI TRYGGÐ, MEÐ HÆFUM VEL MENNTUÐUM KENNURUM OG VIRKU NÁMSUMHVERFI Í STÖÐUGRI ÞRÓUN OG ENDURSKOÐUN. ....	18
6.6.1	Hæfir kennarar .....	18

---

---

6.6.2	Virkt námsuhverfi.....	19
6.7	Að STJÓRNUN SÉ ÁVALLT SKÝR OG SKILVIRK, UNNIN Í GÓÐRI SAMVINNU VIÐ STARFSMENN OG NEMENDUR .....	19
6.8	Að ALLIR STARFSMENN OG NEMENDUR SÉU MEÐVITADIR UM SKYLDUR SÍNAR OG RÉTTINDI OG ÖLL MÁL FÁI SANNGJARNA OG RÉTTLÁTA AFGREIÐSLU.....	20
6.9	Að ALLIR STARFSMENN OG NEMENDUR HAFI GREIÐAN AÐGANG AÐ RÁÐGJÖF, HEILSUGÆSLU, LÍKAMSRÆKT OG ÞEIM TÆKJABÚNAÐI SEM NÁM OG ÖNNUR STÖRF KREFJAST .....	21
6.9.1	Náms- og starfsráðgjöf .....	21
6.9.2	Að starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans. ....	22
6.10	Að SKÓLINN LEGGI SIG EFTIR SAMSTARFI VIÐ FORELDRA, AÐRA SKÓLA OG STOFNANIR, AÐILA ÚR ATVINNULÍFINU OG SVEITASTJÓRNIR Í OKKAR NÆSTA NÁGRENNI.....	22
6.11	Að SKÓLINN REKI KYNNINGARSTARF OG TRYGGI STÖÐUGT UPPLÝSINGASTREYMI TIL FORELDRA OG SAMSTARFSAÐILA.....	23
7.	<b>SAMSTARFSVERKEFNI .....</b>	24
8.	<b>SAMANTEKT OG UMBÓTAÁÆTLUN.....</b>	25

## 1. Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi FÍV. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum. Í lögum um Framhaldsskóla nr. 92/2008 er fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfsins í VII kafla laganna. Í 40 gr. er fjallað um markmið eftirlitsins og matsins og í 41. gr. laganna er fjallað um innra mat skólanna þar sem kveðið er á um að hver framhaldsskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs og birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Sjálfsmatskýrsla er gefin út árlega.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat skólans og hefur tækið þá kosti helsta að það er auðvelt að aðlaga það breytingum sem verða í skólastarfinu á hverjum tíma. Skólanámskrá er greind í ákveðna þætti eftir viðfangsefnum, þeir settir í skorkort og markmið og mælingar á þeim ákveðin. Öflun gagna og tölfræðileg úrvinnsla, þegar það á við er unnin í skólanum. Gögnin eru rýnd á stjórnendafundum og öðrum fundum starfsfólks. Eftir það eru tillögur um úrbætur settar fram. Að endingu eru settar upp helstu áherslur og gerð áætlun um matsverkefni og umbætur fyrir næsta skólaár. Sú áætlun er yfirfarin á haustönn og ný áætlun kynnt á starfsmannafundi.

Ferlið við matsvinnuna:

1. Niðurstöður kannana og verkefna yfirfarnar og kynntar.
2. Ný lög og reglugerðir, þegar það á við, skoðuð með tilliti til stefnu og sjálfsmats skóla.
3. Styrk- og veikleikar greindir.
4. Stefna skólans og stefnukort yfirfarið með tilliti til skólasamnings.
5. Mats- og umbótaverkefni næsta árs ákveðin.
6. Stefnukort og Skorkort sett upp.
7. Sjálfsmats- og umbótaskýrsla unnin.

Gæðaráð skipar sjálfsmatshóp skólans en þar sitja:

Helga Kristín Kolbeins skólameistari

Björgvin Eyjólfsson aðstoðarskólameistari

Thelma B. Gísladóttir gæðaráð

Gísli Eiríksson gæðaráð

---

## 2. Stefna FÍV

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill með stefnu sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla.

### 2.1 Hlutverk FÍV

Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er að nemendur verði að loknu námi virkir og ábyrgir borgarar svo að þeir geti tekið virkan þátt í samféluginu og að auki séu þeir vel undirbúnir fyrir háskólanám eða til þátttöku í atvinnulífinu. Að bjóða fjölbreytt og gott nám sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma. Stefna skólans er að skólastarfið sé árangursíkt og fjölbreytt þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf

### 2.2 Leiðarljós FÍV

Leiðarljós skólans er að námið og skólastarfið almennt stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

### 2.3 Markmið og áherslur

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum setur fram tvö meginmarkmið sem byggja á hlutverki hans og stefnu skv. skólanámskrá, starfsáætlunum og umbótaáætlun í samræmi við innra mat.

Markmiðin eru:

- *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma.*

Þetta markmið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi nám, námsframboð, kennslu og nemendum/viðskiptavinum. En áherslurnar eru að;

- skólinn skili víðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.
- nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka-ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólk og umhverfi sínu.
- fjölbreytni náms í skólanum birtist hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.
- laga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.

gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsuhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.

- *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill að starfsmönnum og nemendum líði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.*

Þetta markmið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi stjórnun, starfsmönnum, stoðþjónustu og nemendum/ samstarfsmönnum, en áherslurnar eru að;

- 
- stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.
  - allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll mál fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.
  - allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.
  - starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.
  - skólinn leggi sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.
  - skólinn reki kynningarstarf og tryggi stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.

---

### 3. Starfsemi skólans

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er framhaldsskóli í Vestmannaeyjum og starfar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Í lögunum segir m.a: Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búrir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn leitast við að efla ábyrgðarkennd, viðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, kennir þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetur til stöðugrar þekkingarleitar. Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti að halda úti kennslu á þeim námsbrautum sem tilteknar eru í 3. kafla samningsins og brautskrá þá nemendur er ljúka þar skilgreindum lokaprófum. Námsframboð er samsett af námi til stúdentsprófs, verknámi, starfsbraut fyrir nemendur sem þurfa einstaklingsnámskrá og framhaldsskólabrú en sú braut er fyrir þá nemendur sem ekki hafa lokið grunnskóla með tilsettum námsárangri eða verið með aðhæfða námskrá í grunnskóla.

Boðið er upp á nám á eftirtoldum brautum, en ekki eru allar starfræktar á hverjum tíma.

Félagsfræðibraut (eldri stúdentsprófsbraut, innritun er hætt).

Framhaldskólabrú

Grunndeild byggingariðna

Grunndeild málm- og véltaeknigreina

Grunndeild rafiðna

Náttúrufræðibraut (eldri stúdentsprófsbraut, innritun er hætt).

Sjúkraliðabráaut

Starfsbraut

Stúdentsbraut- verknám

Stúdentsbraut, félagsfræðilína, náttúrufræðilína, opin lína

Vélstjórn A

Vélstjórn B

Vélvirkjun

Skólinn rækir hlutverk sitt með hliðsjón af nemendafjölda og því fjármagni sem hann hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

## 4. Umfang FÍV og helstu hlutföll og stærðir

### 4.1 Nemendur

Önn	Fjöldi nema
Haustönn 2011	277
Vorönn 2012	240
Haustönn 2012	265
Vorönn 2013	249
Haustönn 2013	274
Vorönn 2014	230
Haustönn 2014	260
Vorönn 2015	239
Haustönn 2015	248
Vorönn 2016	226
Haustönn 2016	259

### 4.2 Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni

	Vor 2016	Haust 2016
KK	53%	54%
KVK	47%	46%

### 4.3 Fjöldi útskriftanema eftir brautum

	ST <sup>1</sup>	FÉ	MB	NÁ	VH	SJ	STB	VSS	VA	VB	GR06
<b>Vor 2012</b>		11		7		1			1	3	
<b>Haust 2012</b>		4	1	10	1	1					
<b>Vor 2013</b>		11		9			2	3		1	
<b>Haust 2013</b>		8	1	9	1	3		5			5
<b>Vor 2014</b>		9		4		4	3	2			2
<b>Haust 2014</b>		4	2	9				2		1	
<b>Vor 2015</b>											
<b>Haust 2015</b>											
<b>Vor 2016</b>	2	13		5		2		1	1		
<b>Haust 2016</b>	6	2		11		2					

### 4.4 Hlutfall útskriftarnema eftir kyni

	KVK	KK
Vor 2016	64%	36%
Haust 2016	41%	59%

<sup>1</sup> 3. ára stúdentsprófsbraut.

#### 4.5 Brotthvarf

Ástæða	Konur		Karlar	
	Vor 2016	Haust 2016	Vor 2016	Haust 2016
Vinna	1	1	2	
Veikindi	3			
Annað	2	4	4	1
Brot á skólareglum			1	

Vorið 2016 fékk Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum styrk til aðgerða sem miðuðu að því að minnka brottafall við skólann. Meginmarkmið verkefnisins var draga enn meir úr brotthvarfi við skólann. Unnið hafði verið markvisst að því að minnka brotthvarfið og hafði sú vinna skilað sér í því að brotthvarf var komið niður fyrir 7%. Mikil og góð vinna fór í að styðja við bakið á þeim nemendum sem stóðu höllum fæti í náminu og almennt utanuhald við þá nemendur sem voru af ýmsum ástæðum líklegir til þess að hverfa frá námi. Þrátt fyrir þessa miklu vinnu og að brotthvarf hafði minnkað töluvert var enn stór hópur nemenda sem ekki var að skila sér á milli anna. Án þess að draga úr fyrri aðgerðum, sem augljóslega voru að skila góðum árangri, var ákveðið að bæta við aðgerðum sem gætu enn og betur dregið úr brotthvarfi.

Ein aðgerðin í verkefninu miðaði að því að styrkja fagvitund kennara og gera þá meðvitaðri og hæfari til þess að koma auga á og grípa inn í ferlið þegar nemendur byrja að missa fótanna í náminu. Með því að auka fagþróun kennara var einnig stefnt að því að fjölbreytni kennsluaðferða mundi aukast og að framsetning námsefnis yrði nútímaþænni svo hægt væri að mæta ólíkum þörfum og væntingum nemenda og þar með viðhalda áhuga þeirra á náminu. Kennurum skólans var skipt upp í fjóra hópa eftir fagþekkingu og kennslu áfanga þar sem rætt var hvað kennara gætu gert til að auka námslega skuldbindingu nemenda. Hóparnir báru síðan saman niðurstöður sínar og í framhaldinu var m.a ákveðið að virkja þyrfti kennara til að nýta námsumhverfis skólans (Innu) betur og auka þannig aðgengi nemenda að námsefni, verkefnum og ekki síður námsframvindu sinni. Regluleg úttekt var á notkun kennara á námsumhverfinu Innu og þeir hvattir til að nýta það vel. Alls voru haldnir fimm samráðsfundir kennara varðandi þetta skilaði sér í því að virkni og nýting kennara á Innu jókst til muna.

Annar liður verkefnisins var að byggja upp styðjandi og gott námsumhverfi og stuðla þannig að aukinni samsömun nemenda við skólann. Ráðist var í breytingar á námsumhverfi skólans og vinnuaðstaða nemenda bætt, stærri rými voru opnuð og kennslustofur rýmdar fyrir sérstök hópvinnuherbergi. Þessum breytingum tóku nemendur fegins hendi og skólastarfið fór að verða sýnilegra enda nemendur nú að vinna saman í opnum rýmum skólans. Kennrarar nýttu sér einnig þessi rými og nemendur gátu því séð kennara að störfum við undirbúning og yfirferð sem áður hafði ekki sést. Segja má að skilaboðin með þessu hafi verið að skólinn er vinnustaður okkar allra. Við lok haustannar 2016 báðu nemendur um að fá aðgengi að skólanum utan hefðbundins opnunartíma hans svo þeir gætu nýtt sér aðstöðuna til þess að læra saman. Við þessu var brugðist, nemendur fengu aðgang að skólanum fram eftir kvöldi (oftast til kl.23) og nýttu sér það mjög vel. Kennrarar skiptu því með sér að standa

vaktina og vera aðgengilegir fyrir nemendur. Kennslustofur, opin rými, bókasafn, salur og kaffistofa kennara voru fullar af nemendahópum sem lærðu saman og kenndu hver öðrum. Af þessu mátti merkja að nemendur væru með aukna námslega skuldbindingu, jákvæðari námshegðun, metnaður væri að aukast og samsömun við skóla væri meiri. Bæði kennrarar og aðrir starfsmenn skólans voru sammála um að breytingar í kjölfar aðgerða gegn brotthvarfi væru hluti af þessari góðu skólamenningu sem nú hafði myndast.

#### 4.6 Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum

**Skipting nemenda eftir brautum, fjöldi**

Braut	Heiti brautar	Vor 2014	Haust 2014	Vor 2015	Haust 2015	Vor 2016	Haust 2016
AN	Almenn námsbraut	6	25	18	19		
AN-bók	Almenn námsbraut-bóknámslína	13	16	13	8	13	8
AN-íþr	Almenn námsbraut – íþróttalína	3	3	1	1		
AN-ver	Almenn námsbraut-verknámslína	5	5	2	1		
FB	Framhaldsskólabrú				11	10	28
FÉ	Félagsfræðibraut	78	72		46	55	39
MB	Málabraut	3	4		1	2	
MG	Grunnnám í málm- og veltækni	4		3	4	8	7
NÁ	Náttúrufræðibraut	67	73	62	47	45	37
ÓT N	Ótilgreint nám	4		12	13		
SJ	Sjúkraliðabraut	8	16	15	10	18	27
SK1	Skipstjórnarbraut	8		4	1		
ST1	Stúdentsprófsbraut				46	43	76
ST4	Starfsbraut	6	5	5	7	7	9
VS S	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	2	5	1	1	1	1
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	3	8	6	3		
VA	Vélstjórnarnám A réttindi	4	5	4	2		
VB	Vélstjórnarbraut B réttindi	12	21	23	27	24	26
	<b>Samtals</b>	<b>230</b>	<b>260</b>	<b>239</b>	<b>248</b>	<b>226</b>	<b>259</b>

#### 4.7 Starfsfólk

Á árinu 2016 störfuðu að jafnaði 32 einstaklingar við skólann.

Kennrarar eru 23 kennrarar í 22 stöðugildum. Þar af eru 11 konur í 9,8 stöðugildum og 12 karlar í 10,2 stöðugildum. 47% kennara eru 55 ára og eldri.

---

Að auki starfa við skólann skólameistari og aðstoðarskólameistari báðir í fullu starfi, fjármálastjóri í 75% starfshlutfalli, umsjónarmaður fasteigna í 100% starfshlutfalli, starfsmaður á skrifstofu í 50% starfshlutfalli, námsráðgjafi í 50% starfshlutfalli, forstöðumaður bókasafns í 55% starfshlutfalli, stuðningsfulltrúi á starfsbraut í 60% starfshlutfalli og þrír ræstitæknar hver um sig er í 47% starfshlutfalli.

#### **4.8 Húsnæði**


Skólahúsnæðið er í heild 3.172 fermetrar og þar af eru 918 fermetrar kennslurými. Í skólanum eru 14 kennlustofur, 1 stórt rými með borðum fyrir nemendur sem jafnframt er hátíðarsalur, skrifstofur og bókasafn. Húsgögn í opnum rýmum og á bókasafni voru endurnýjuð og jafnframt var endurnýjaður og bætt við búnaði í raungreinastofu og vélasal.

#### **4.9 Starfstími**

Skólinn er opinn 10 mánuði á ári og er kennsla frá miðjum ágúst til loka maí mánaðar. Skólaárið skiptist í tvær annir. Á haustönn 2016 voru skil á milli kennslutíma og prófatíma afnumin og í stað þess að hafa prófdaga í annarlok voru settir inn námsmatsdagar um miðja önn og í lok annar. Ákveðið var að sama fyrirkomulag yrði á vorönn 2017. Hefð er fyrir því að útskrifað sé á laugardögum.

## 5. Rammi um sjálfsmat FÍV

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs – og þróunaráætlunum. Við sjálfsmatið notar skólinn Stefnumiðað árangursmat.



### 5.1 Stefnukort FÍV

Stefna skólans er sett upp í stefnukort en þar eru settir fram lykilþættir og stærðir í skólastarfinu. Sjálfsmat er byggt á að mæla þá þætti sem eru í stefnukorti Framhaldsskólans. Reynt er að mæla sem flesta þætti hverju sinni. En markmiðið er að heildarmynd fáist á öllum þáttum stefnunnar á þriggja ára tímabili.

### 5.2 Aðgerðaáætlun


Á árinu 2016 var samhlíða aðgerðum til að meta markmið á stefnu skólans settar fram aðgerðir til að bregðast við ytra mati sem fór fram á árinu 2015.

Í kjölfar ytra mats var sett fram umbótaáætlun og var hún höfð að leiðarljósi við þær aðgerðir sem farið var í árinu 2016.



### 5.3 Skorkort 2016

Stöðu og uppsetningu sjálfsmatsins er best hægt að lýsa með því að skoða skorkort skólans. Á þeirri mynd má sjá stöðu skorkortsins eftir árið 2016. Þar má sjá þau markmið sem eru í stefnu skólans með litunum grænum, gulum, rauðum og bleikum lit, mismunandi eftir því hvað við á. Skorkortinu er ætlað að lýsa hvernig til tekst við að uppfylla þau markmið sem skólinn hefur sett sér og á þriggja ára tímabili á að fást gott yfirlit um hvernig til tekst.



## 6. Niðurstöður sjálfsmats

Niðurstöðum sjálfsmats er safnað eftir því hvaða markmið er verið að mæla en við hvert markmið skorkortsins eru mælikvarðar. Niðurstöðunum er safnað og fæst þannig samanburður við fyrri mælingar.

Sjálfsmatinu er ætlað að mæla hversu vel tekst til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett fram í skólasamningi.

- **Mat á hvernig skólanum tekst til við að bjóða fjölbreytt og gott nám, sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma**

Markmiðið tengist þeim áherslum sem skólinn vill hafa varðandi nám, námsframboð, kennslu og nemendum/viðskiptavinum. Hér á eftir er gerð grein fyrir hverjum þætti og þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að meta þá og hvað það er sem við erum að skoða sérstaklega.

### 6.1 Að skólinn skili víðsýnum nemendum með trausta þekkingu og þroska sem nýtist í starfi, leik og námi.


Þessir þættir snúa allir í skorkorti að viðskiptamannavíddinni og hafa verið metnir með spurningum í skólamati. Á árinu 2015 var ákveðið að taka þátt í framhaldsskólapúlsinum í stað þess að framkvæma skólamat. Spurningar eru með öðru sniði en í skólamatinu sem hingað til hefur verið notað. Ákveðið var að taka þátt í þeirri könnun annað hvert ár og verður því næst mælt 2017.

#### 6.1.1 Aukinn Menntun

Skólinn hefur það markmið að auka menntun nemenda. Hvort það gerist er metið með svörum við spurningum úr skólapúlsinum.

Svar við einni spurningu úr matsþættinum *Námsáhugi*, ég hef áhuga á því sem ég læri í skólanum og og allar spurningarnar sem mynda matsþáttinn *hvatning til vitsmunalegrar örvunar* eru notaðar.

Þessir þættir vega jafnt þegar staðan er metin.




#### 6.1.2 Aukinn þroski nemenda

“Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðispjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemenda nám við hæfi.” Þannig að með því að bjóða nám við hæfi þá erum við um leið að stuðla að alhliða þroska nemenda.

13% nemenda innritast á framhaldsskólabrú og búa því ekki yfir þeirri hæfni að hefja nám á öðru þepi í kjarnagreinum skólans. Verið er að móta mælitæki til að mæla hversu langan tíma það tekur að þeir nái þeirri hæfni. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að það sé ólíkt á milli námsgreina og er það stærðfræði sem sker sig úr. Nemendur virðast eiga mun erfiðara að ná hæfni til að fara á milli þrepa í þeirri námsgrein en öðrum<sup>2</sup>.

Þátttaka nemenda í skólaufundum, nefndum og ráðum var skoðuð sérstaklega á árinu og var liður í úrbótaætlun sem gerð var í kjölfar ytramats. Þátttaka er almennt mjög góð hjá yngri nemendum og um 70% nemenda sækir skólaufundi.

Til að efla nemendafélag og virkja meira nemendur að stefnumótun var sett upp eftirfarandi ferli og áhersla lögð á að fá sem flesta nemendur að ákvarðanatökunni og stuðla með því að auknu lýðræði og auknum þroska.



Nemendur eru mjög uppteknir eftir að skóladegi lýkur og því nauðsynlegt að hafa tíma í stundatöflu nemenda til að þeir geti tekið þátt. Samgöngur við Vestmannaeyjar gera okkur einnig mjög erfitt, nemendur óska eftir að fá fyrirlesara, hljómsveitir og ýmsa viðburði ofan af „fasta landinu“ en samgöngur hamla því mjög oft og þarf því ævinlega að vera með varaáætlunar og mikinn sveigjanleika. Það veldur því að nemendur eiga erfitt með að skipuleggja viðburði og erfitt er að fá fólk til að koma.


Bætt var inn í áfangamatið<sup>3</sup> haustið 2016 spurningu um hvort nemendur fengu tækifæri til að vinna með öðrum nemendum 84% nemenda svöruðu því játandi og 78% nemenda svöruðu að kennarinn hvetti þá til að hugsa á gagnrýnnin hátt.<sup>4</sup>

<sup>2</sup> Verið er að móta mælingar á þessu markmiði.

<sup>3</sup> Áfangamat var endurskoðað á haustönn 2016.

<sup>4</sup> Við móturn um á mælikvarðanum þarf að skoða hvort og þá hvernig þessir þætti hafa áhrif á að auka þroska nemenda.

### 6.1.3 Aukin ánægja með skólann



5


### 6.2 Að nemendur öðlist aukið sjálfstraust, búi sig undir að taka ábyrgð á eigin lífi um leið og þeir tileinka sér virðingu fyrir samferðafólki og umhverfi sínu.

Þessir þættir eru metnir með spurningum í áfangamati snúa allir í skorkortinu að viðskiptamannavíddinni. .

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"> <li>Sjálfstraust</li> <li>Ábyrgð</li> <li>Virðing fyrir samferðafólki</li> <li>Virðing fyrir umhverfi</li> </ul>	V5


#### 6.2.1 Líðan nemenda

Flestum nemendum líður vel í kennslustundum.



<sup>5</sup>. Á árinu 2014 voru notuð önnur gögn en vaninn er, stuðst var við rannsókn sem gerð var fyrir Fræðslunetið, SASS og Vinnumarkaðsráð Suðurlands. R3-Ráðgjöf ehf vann rannsóknina. Einungis er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu og voru það foreldrar barna í 10 bekk sem svoruðu og var fjöldi svara 54

### 6.2.2 Virðing fyrir samferðarfólki




### 6.3 Að fjölbreytni náms í skólanum birtist hæfilegri blöndu bóknáms, verknáms og náms fyrir þá sem þurfa sérúrræði.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
• Fjölbreytni í námí	V2
• Hlutfall bók-, verknáms og sérúrræða	I2

Ánægja með námsframboð.

Þessi mælikvarði er „erfiður“ hugtökin ánægja og námsframboð eru þeir sem svara ekki að skilja á sama hátt, hvað merkir þessi mælikvarði?

Ef hann merkir að nemendur fá inni á þeim brautum sem þeir velja þá er staðan 95% en þegar nemandinn er spurður beint með spurningunni ertu ánægður með námsframboðið þá mælist ánægjan minni eða 76%.<sup>6</sup>



<sup>6</sup> Þessi þáttur verður skoðaður með rýnihópi nemenda og forráðamanna 2017.

<sup>7</sup>. Á árinu 2014 voru notuð önnur gögn en vaninn er, stuðst var við rannsókn sem gerð var fyrir Fræðslunetið, SASS og Vinnumarkaðsráð Suðurlands. R3-Ráðgjöf ehf vann rannsóknina. Einungis er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu og voru það foreldrar barna í 10 bekk sem svoruðu og var fjöldi svara 54

**6.4 Að laga nám og kennslu að þeirri sérstöðu sem heimabyggðin hefur og taka mið af atvinnulífi og menningu Vestmannaeyja.**

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"><li>• Sérstaða Eyjanna í kennslu og námi</li><li>• Áhrifamikil náttúra</li><li>• Áhrifamikil menning</li></ul>	I 1

**6.5 Að gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.**

Þessir þættir snúa allir að víddinni innri ferlum í skorkortinu.


Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"><li>• Hæfir kennarar</li><li>• Virkt námsumhverfi</li></ul>	I1

**6.6 Að gæði kennslunnar er verði tryggð, með hæfum vel menntuðum kennurum og virku námsumhverfi í stöðugri þróun og endurskoðun.**

Þessir þættir snúa allir að víddinni innri ferlum í skorkortinu.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"><li>• Hæfir kennarar</li><li>• Virkt námsumhverfi</li></ul>	I1

**6.6.1 Hæfir kennarar**



### **6.6.2 Virkt námsumhverfi**

Skólinn notar kennslukerfi innu sem er í sífelldri þróun. Virkni í kennslukerfi er mæld og eykst hún um 36% á milli ára. Nemendum líkar vel við kerfið og eiga auðvelt með að nota það.

- **Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill að starfsmönnum og nemendum liði vel í skólanum og að þeir fái tækifæri til að þroska samskipti, byggð á gagnkvæmri virðingu og skilningi.**

### **6.7 Að stjórnun sé ávallt skýr og skilvirk, unnin í góðri samvinnu við starfsmenn og nemendur.**

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"><li>• Skýr stjórnun</li><li>• Skilvirk stjórnun</li><li>• Samvinna</li></ul>	S1

### **Stjórnun**

Stjórnun á að vera skýr og skilvirk. Ábyrgðartafla auðveldar starfsfólki að átta sig á hver ber

ábyrgð á einstaka störfum innan skólans. Farið er yfir hana árlega og athugað hvort hún

þarfist endurbóta. Við gerð handbókarinnar eru ferlar skólans kortlagðir. Ábyrgð skilgreind og efld verða samræmd vinnubrögð. Fundargerðir skólanefndar birtast á heimasiðu skólans og þar eiga bæði kennrarar og nemendur fulltrúa. Fundargerðir kennarafundar liggja frammi til skoðunar á kaffistofu starfsmanna. Jafnréttisstefna er á heimasiðu skólans og snýr jafnt að starfsfólki og nemendum.

	Staða
Ábyrgðartafla	Endurskoðuð.
Fundargerðir skólanefndar	Á heimasiðu
Fundargerðir kennarafunda	Sendar með tölvupósti til kennrarar, eru á innri vef.
Starfsmannafundir, fundargerðir.	Sendar með tölvupósti til starfsmanna. Eru á innri vef starfsmanna.
Jafnréttisstefna, endurskoðuð 2016.	Stenst úttekt

Starfsmenn meta stjórnendur í könnun SFR um stofnun ársins. Trúverðugleiki stjórnenda

fékk 4,3 í einkunn sem er lækkun frá síðasta ári en þá fékk sá þáttur 4,5.

### **Samvinna við starfsmenn**

Kennarafundir eru mánaðarlega á starfstíma skóla, starfsmannafundir í upphafi hverrar annar. Skólafundir eru tvisvar á ári. Á þessum fundum er haft að leiðarljósi að allir geti haft skoðun og komið henni að. Leitast er við að fundirnir séu ekki einvörðungu upplýsingafundir. Einnig eiga kennrarar aðila í skólanefnd og skólaráði. Starfsmannafélag er starfandi við skólann og eiga þar aðild allir starfsmenn skólans nema þeir sem sérstaklega óska eftir því að vera ekki aðilar að féluginu.

Við metum samvinnu með könnun SFR, en þar er einnig spurt um starfsanda og sjálfstæði í

starfi og var Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum yfir meðaltali í báðum þessum þáttum.

	Þáttakendur
Kennarafundur	Kennrarar, stjórnendur, námsráðgjafi
Starfsmannafundur	Allir starfsmenn
Skólaráð	Fulltrúi kennara, stjórnendur
Skólanefnd	Fulltrúi kennara, skólameistari
Starfsmannafélag	Allir starfsmenn

### **Samvinna við nemendur**

Nemendur eiga fulltrúa í skólanefnd og skólaráði. Nemendur eru þáttakendur á skólafundi.

Leitast er við að hafa nemendur með í ákvarðanatöku, þeir eru teknir með á fundi sem varða málefni þeirra og leitað eftir þeirra hugmyndum. Tæplega 80 % nemenda telja að nemendafélagið hafi áhrif í skólanum.

### **6.8 Að allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og réttindi og öll fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu.**

#### **Skyldur og réttindi nemenda**

Skyldur og réttindi nemenda eru í skólanámskrá og lögum um framhaldsskóla. Eitt af því sem nemendur skólans eru skyldugir til er að fara eftir skólareglunum. Í Skólamati hafa þeir spurðir um álit sitt á þeim reglum og 2013 töldu 75% nemenda reglurnar vera sanngjarnar.

#### **Skyldur og réttindi starfsmanna**

Farið er eftir lögum og reglum sem gilda um opinbera starfsmenn og fara trúnaðarmenn

ásamt stjórnendum yfir þá þætti.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
--------------------------------	-------------------

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Meðvitaðir um skyldur</li> <li>• Þekkja réttindi</li> <li>• Meðferð mála</li> <li>• Afgreiðsla mála</li> </ul>	S3
---	----

**6.9 Að allir starfsmenn og nemendur hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, heilsugæslu, líkamsrækt og þeim tækjabúnaði sem nám og önnur störf krefjast.**

- Ráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf

71% nemenda er ánægður með náms- og starfsráðgjöf (ekki mælt 2016)

- Heilsugæsla

Samvinna við heilsugæslustöð.

Starfsmönnum stendur til boða að fá mælingar á blóðþrýstingi, blóðsykri og blóðfitu. Einnig stendur þeim til boða að fá bólusetningar við inflúensu.

- Líkamsrækt

Nemendur

Íþróttakennsla.

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
• Náms og starfsráðgjöf	S2
• Heilsugæsla	V4
• Líkamsrækt	I4
• Tækjabúnaður	
• Aðstaða	

#### 6.9.1 Náms- og starfsráðgjöf

Nemendur hafa verið spurðir beint, en við erum að skoða hvort við getum ekki einnig nýtt starfsskýrslu náms-og starfsráðgjafa við matið. Hversu margir eru að nota þjónustuna, með hvaða hætti? Hvers konar mál koma til náms- og starfsráðgjafa,

búa til flokkun<sup>8</sup>. Með því fáum við enn skýrari mynd af þessum þætti sem fær sífellt meira vægi innan framhaldsskólans.

**6.9.2 Að starfað sé eftir raunhæfri og rökstuddri fjárhagsáætlun, innan þess ramma sem fjárheimildir leyfa, en jafnframt skal leita leiða til að auka sértekjur skólans.**

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
• Raunhæf	F2
• Rökstudd	F3
• Samanburður við fjárheimildir	F4
• Sértekjur	

Við mat þessara þátta er farið í ársreikning skólans og metið hvernig til tekst.

**6.10 Að skólinn leggi sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni.**

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
• Samstarf • Foreldrar • Skólar • Stofnanir • MRN • Atvinnulíf • Bæjarfélög	

Skólinn leggur sig eftir samstarfi við foreldra, aðra skóla og stofnanir, aðila úr atvinnulífinu og sveitastjórnir í okkar næsta nágrenni. Skólinn hefur frumkvædi að því að halda fundi með fulltrúum iðnfyrirtækja til að skapa vettvang til umræðu um iðnmenntun.

Starfrækt er samstarfverkefni foreldrafélags framhaldsskólans, grunnskólans og félagsþjónustunnar, náms- og starfsráðgjafi FÍV stýrir því starfi og er fundað reglulega og standa þessir aðilar að sameiginlegum fræðsluviðburðum fyrir foreldra og forráðamenn í Vestmannaeyjum.

Samvinna við kennara og stjórnendur grunnskólans með það markmiði að auka þekkingu á milli skólastiga, miðla reynslu og stuðla að betri kennslu. Efnt var til málþings í skólanum og stefnt að því að hafa það árlega.

<sup>8</sup> Ákveðið var að nota Innu til að auðvelda skráningar ráðgjafa og hófst sú skráning haustið 2016. Ekki er búið að vinna úr niðurstöðunum.

Skólinn er formlegur aðili að fjarmenntaskólanum.

Samstarf við Eco Media (Austurríki) um menntun í málmiðnaði.

Smæð samfélagsins og sú mikla nálægð sem við búum í gerir það að verkum að við erum alltaf að vinna saman..

#### **6.11 Að skólinn reki kynningarstarf og tryggi stöðugt upplýsingastreymi til foreldra og samstarfsaðila.**

Hér eru notaðir mælikvarðarnir	Númer í skorkorti
<ul style="list-style-type: none"><li>• Kynning og upplýsingar</li><li>• Almennt</li><li>• Til foreldra</li><li>• Til samstarfsaðila</li></ul>	15

Úttekt fór fram á opinberum vefjum á árinu 2013.

	Einkunn FÍV	Meðaltal allra í úttektinni
Innhald	<b>91</b>	77
Nytsemi	<b>80</b>	81
Aðgengi	<b>70</b>	63
Þjónusta	<b>90</b>	64
Heildarskor	<b>82</b>	71

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til opinbera vefja.

Verkefni	Gert
Kynningafundur á vorönn	x
Upplýsingarit á haustönn	x
Kynningafundur á haustönn	x
Upplýsingar um mætingar mánaðarlega í tölvupósti	x
Upplýsingar um námsárangur	x
Nýnemaviðöl með forráðamönnum við námsráðgjafa	x

## 7. Samstarfsverkefni

<b>Heiti verkefnis</b>	<b>Samstarfsaðili</b>
Íþróttakademía	ÍBV íþróttafélag
Golfakademía	Golfklúbbur Vestmannaeyja
FABLAB	Nýsköpunarstofa
Efling stærðfræði- og raungreina	Tallinn Russian Central Gymnasium, Eistlandi,
Auka áhuga á iðnnámi	Grunnskóli Vestmannaeyja
Nordplus verkefni	Finnland, Svíþjóð og Lettland
Fjarmenntaskólinn	Samstarfsverkefni 13 landsbyggðaskóla á Íslandi


## 8. Samantekt og umbótaáætlun

Stefna skólans og sú framtíðarsýn sem þar birtist er ljós og þeir þætti stefnunnar sem úttekt var gerð á eru að mati stjórnenda í góðum farvegi. Ekki hafa allir þættir skorkortsins verið sérstaklega mældir enda er ekki ætlast til þess skv. skorkorti.

Það er ljóst að ekki hafa allir þættir sjálfsmatsins skilað þeim niðurstöðum sem vonast var til í upphafi og hefur verið gripið til aðgerða til að fá betri niðurstöður. Þær aðgerðir miða fyrst og fremst að því að vinnuhópar rýna enn frekar í niðurstöður sjálfsmats, greina stöðuna og koma með tillögur að úrbótum.

Aðgerð	Tími	Hverjir	Ábyrgð
Námsframboð-ánægja	Haust 2017	Rýnhópur	Gæðastjóri
Stoðþjónusta	Haust 2017	Könnun	Skólameistari
Endurskoðun skorkorts	2017	Gæðaráð	Aðstoðarskólameistari

Samþykkt hefur verið verlagsregla sem tryggir stöðugar umbætur:



### Fjármál

Þær aðgerðir sem gripið var til á undanförnum árum skiliðu árangri og var rekstrarafkoma skólans jákvæð og náði skólinn að gera upp skuld sína við ríkissjóð. Rekstur skólans er viðkvæmur og ekki má mikið út af bera til að áætlanir standist ekki.

